STJÓRNARTÍÐINDI B 41 - 1995

9. maí 1995 557 Nr. 273

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

5. tl. 3. gr., sbr. reglugerð nr. 135, 6. mars 1995, breytist og orðist svo:

5.	Innfjarðaræjka	8.450
	þ.a. Eldey	400
	þ.a. Arnarfjörður	700
	þ.a. Ísafjarðardjúp	2.100
	þ.a. Húnaflói	2.300
	þ.a. Skagafjörður	700
	þ.a. Skjálfandaflói	800
	þ.a. Axarfjörður	1.450

2. mgr. 3. gr. orðist svo: Heildarafli við Eldey skv. 5. tl. miðast við tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla á vertíð sem hefst í maí 1995.

3. ml. 3. mgr. 3. gr. orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 21. maí til og með 22. ágúst 1995.

5. ml. 3. mgr. 3. gr. falli niður.

Síðasti málsliður 3. mgr. 3. gr. orðist svo: Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindu veiðisvæði innfjarðaræjku enda liggi fyrir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1995

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 41, nr. 273. Útgáfudagur 12. maí 1995.

Gutenberg
B 39